

EFTIRLITSSKÝRSLA

HULA bs. Skógasandur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	6.12.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	HULA bs.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hlíðarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	4306972269	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst Ingi Ólafsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur ný frávik komu fram í eftirlitinu er varða magn urðaðs úrgangs, eftirlits- og aðgangskerfi á svæðinu, daglegan frágang urðunarreina og skráningar. Eitt eldra frávik var staðfest er varðar bundið yfirborðslag á söfnunarstöð og fráveitu frá söfnunarstöð.

UMFANG EFTIRLITS

Magn urðaðs úrgangs árið 2016 var 577 tonn en starfsleyfi er heimild til þess að taka á móti og urða allt að 400 tonn á ári. Í eftirlit var rekstraraðili ekki með tölur um hvað hefði verið urðað á staðnum í ár.

Urðunarstaðurinn er afmarkaður með girðingu og læstum hliðum en ekkert eftirlits- og aðgangskerfi er á svæðinu. Rekstraraðili segir að það sé erfitt að koma upp slíkum búnaði á staðnum því þar sé ekkert rafmagn.

Í starfsleyfi er heimild fyrir söfnunarstöð við urðunarstaðinn, þar sem tekið væri á móti úrgangi í gáma. Slík stöð er að staðaldri ekki á svæðinu en í nokkrar vikur á haustinn (eða einu sinni á ári) er úrgangi sem er ekki hæfur til urðunar á staðnum safnað í gáma á svæðinu og þeir svo fluttir í burtu. Þessi söfnun felur meðal annars í sér söfnun spilliefna. Söfnunarstöðin skal skv. starfsleyfi vera lögð bundnu yfirborðslagi og fráveitu vatni frá þeim hluta stöðvarinnar þar sem spilliefnum og öðrum úrgangi sem getur mengað frárennsli er safnað og þau geymd. Sú fráveita skal leidd í sandfang og olíuskilju áður en það er leitt í jarðveg um siturlögn eða grjótsvelg á athafnarsvæði. Ekkert plan er fyrir gámana og fráveitu er ekki safnað á svæðinu.

Niðurstöður eftirlitsmælinga hafa verið sendar rekstraraðila en aðrar skráningar hafa ekki borist.

Farið var um svæðið og það skoðað. Við athugun kom í ljós að urðunarrein hafði ekki verið bygð nægilega vel. Bæði sást í úrgang í reininni sjálfri en einnig hafði plast fokið úr henni, það var farið að dreifast um svæðið og festast í girðingu.

Frávik frá

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Á urðunarstaðnum er heimilt skv. gr. 1.2 í starfsleyfi að taka á móti og urða allt að 400 tonn af úrgangi á ári. Farið var 177 tonnum fram úr þeirri heimild á árinu 2016.

Gr. 2.1 í starfsleyfi

Staðurinn skal skv. gr. 2.1. í starfsleyfi vera vaktaður með eftirlits- og aðgangskerfi en ekkert slíkt kerfi er á staðnum.

Gr. 3.4 í starfsleyfi

Skv. starfsleyfi skal starfrækja kerfi til söfnunar hauggas á svæðinu. Slíkt kerfi er ekki fyrir hendi á urðunarstaðnum og því fer söfnun gass ekki fram á urðunarstaðnum.

Gr. 3.5 í starfsleyfi

Samkvæmt gr. 3.5 í starfsleyfi skal söfununarstöð lögð bundnu yfirborðslagi og skal fráveituvatn frá þeim hluta stöðvarinnar þar sem spilliefnum er safnað saman og þau geymd og þar sem tekið er við öðrum úrgangi sem mengað getur frárennsli leitt í sandfang og olíuskilju áður en það er leitt í jarðveg um siturlögn eða grjótsvelg á athafnarsvæði. Ekkert bundið yfirborðslag er á svæðinu.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarreinar skal skv. gr. 4.3 í starfsleyfi byrgður samdægurs með þekjuefni sem kemur m.a. í veg fyrir fok. Í eftirlit var urðunarrein ekki byrgð þannig að það sást í úrganginn sem hafði verið lagður í hana og plast var byrjað að fjúka upp úr henni.

Gr. 5.1 og 5.3 í starfsleyfi

Skráningum vegna eftirlitsmælinga hefur verið skilað fyrir árið 2016 en öðrum skráningum sem koma fram í gr. 5.1 í starfsleyfi hefur ekki verið skilað en skv. gr. 5.3 eiga þær að berast eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.

ANNAÐ

Rekstraraðila er bent á að sækja um breytingar á starfsleyfi til að laga það að aðstæðum á urðunarstaðnum.

Reykjavík, 09.02.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Steinunn Karlsdóttir